

**VARP DÝPKUNAREFNA VEGNA
VIÐHALDSDÝPKUNAR Í LANDEYJAHÖFN,
RANGÁRÞINGI EYSTRÁ**

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að árleg losun á allt að 300.000 m³ af dýpkunarefni í hafið vegna viðhaldsdýpkunar í Landeyjahöfn, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er losun dýpkunarefnis í hafið háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Siglingastofnun Íslands og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins, vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 5. desember 2010.

2. nóvember 2011

INNGANGUR

Þann 11. október 2011 tilkynnti Siglingastofnun Íslands til Skipulagsstofnunar breytingu á framkvæmd viðhaldsdýpkunar í Landeyjarhöfn, Rangárþingi eystra, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hafrannsóknastofnunarinnar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 27. október 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 26. október 2011.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Um er að ræða breytingu á framkvæmdum sem Skipulagsstofnun tók ákvörðun um matsskyldu þann 17. mars og 24. nóvember 2010 varðandi losun dýpkunarefnis úr Landeyjahöfn í hafið. Í fyrri ákvörðun var gert ráð fyrir að losa í upphafi 150.000 m³ af dýpkunarefni og árlega 20.000 m³. Í seinni ákvörðun Skipulagsstofnunar var gert ráð fyrir að losað yrði 180.000 m³ af efni á fyrsta ári (veturinn 2010 til 2011), 80.000 m³ veturinn 2011 til 2012 og 60.000 m³ 2012 til 2013, samtals um 320.000 m³. Í báðum tilvikum var ákvörðun Skipulagsstofnunar sú að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fram kemur í nýrri tilkynningu Siglingastofnunar Íslands að ljóst sé að losun dýpkunarefna utan við Landeyjahöfn verði um 300.000 m³ á tímabilinu nóvember 2010 til október 2011 í stað 180.000 m³ eins og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir. Því sé nú gert ráð fyrir að ár hvert þurfi að losa allt að 300.000 m³, að minnsta kosti meðan ferjan Herjólfur sigli milli lands og Eyja. Eins og áður verði dýpkunarefni losað á þrjú svæði utan við höfnina á 20-30 m dýpi: Svæði 3 suður af ósi Markarfljóts þar sem megninu af efninu verði losað (flatarmál 250.000 m² miðað við 2 m þykkt dýpkunarefnis), svæði 1 suðvestur af höfninni (flatarmál 90.000 m²) og svæði 2 beint suður af henni (flatarmál 90.000 m²). Svæðið suður af höfninni verði einungis notað ef höfnin hafi lokast og flýta þurfi dýpkun hennar eins og kostur sé og svæði 1 í þeim tilfellum sem sjólag hindri losun á megin losunarsvæðinu (svæði 3). Fram kemur að frá því að Landeyjahöfn var tekin í notkun hafi tæplega 580.000 m³ af dýpkunarefni verið tekið úr höfninni, sem dreift hafi verið á losunarsvæðin á eftirfarandi hátt: 38.900 m³ á svæði 1, 198.900 m³ á svæði 2 og 341.112 m³ á svæði 3.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdar sé að halda Landeyjahöfn opinni svo að ferja geti siglt á milli lands og Eyja.

Áhrif á lífríki og nytjar. Í greinargerð með tilkynningu Siglingastofnunar til Skipulagsstofnunar þann 25. október 2010 og vísað er til í nýrri tilkynningu, kemur fram að dýpkunarefni verði losað á svæðum þar sem í gildi sé bann við öllum veiðum (reglugerð nr. 732/1997). Því séu ekki til gögn um veiðar á svæðinu við Bakkafjöru. Á meira en 10 m dýpi utan við Landeyjahöfn sé kornastærð botnsets innan við 0,2 mm og botngerð talin svipuð á öllum þremur losunarstöðunum. Kornastærðargreining á botnseti frá svæðinu utan við höfnina hafi leitt í ljós að þar sé ekkert lífrænt efni á hafsbotni.

Hugsanlegt sé að vegna losunar dýpkunarefnis verði lífríki á sjávarbotni fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna. Rannsókn á botndýralífi á losunarsvæðum 1 og 3 hafi leitt í ljós að þar séu ekki sjaldgæfar tegundir og lífríki ekki fjölbreytt á svæðunum. Áætlað sé að dýralíf sé sambærilegt á losunarsvæði 2, beint suður af Landeyjahöfn. Almennt eigi botndýr erfitt uppráttar þar sem öldurót er mikið og sterkir sjávarstraumar, líkt

og raunin sé við Landeyjahöfn. Vegna öldugangs á svæðinu sé líklegt að botnset hreyfist mikið og botn geti breyst mikið á stuttum tíma. Því sé ólíklegt að botndýralíf og fiskistofnar verði fyrir varanlegum áhrifum vegna losunar dýpkunarefnisins. Siglingastofnun telur, að ekki hljótist umtalsverð umhverfisáhrif af framkvæmdinni.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að fyrirhugað losunarsvæði sé utan netlaga, sem eru stjórnsýslumörk sveitarfélaga á haf út (115 m frá strönd, miðað við stórstraumsfjöru). Framkvæmdin sé því ekki skipulagsskyld.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Hafrannsóknastofnunin og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Hafrannsóknastofnunin bendir á að í umsögn stofnunarinnar vegna síðustu tilkynningar Siglingastofnunar, í nóvember 2010, hafi stofnunin bent á að erfitt sé að áætla hve mikið efni þurfi að taka úr Landeyjahöfn og talið sennilegt að varpa þyrfti í hafið mun meira efni en Siglingastofnun gerði þá ráð fyrir. Það hafi nú komið á daginn. Þá bendir Hafrannsóknastofnunin á að frá haustinu 2010 til október 2011 hafi 34% af dýpkunarefninu verið losað á svæði 2, sem nota átti í undantekningartilvikum samkvæmt fyrri tilkynningu Siglingastofnunar. Telur Hafrannsóknastofnunin þetta vera mun meira magn en þá hafi verið gefið til kynna.

Áhrif á lífríki sjávar. Hafrannsóknastofnunin bendir á að samkvæmt greinargerð með tilkynningu sé dýpi á losunarsvæðum 2 og 3 örlítið minna nú en áður en þar hófst losun á dýpkunarefni. Það gefi til kynna að dýpkunarefni dreifist tiltölulega hratt frá svæðunum, en ekki sé ljóst hvert efnið berist. Bent er á að á svæði 3 sé búið að losa dýpkunarefni sem jafngildi tvöföldum efnisframburði Markarfljóts undir venjulegum kringumstæðum. Vitað sé að meðal straumar á svæðinu milli lands og Eyja séu til vesturs og aust- og suðlægir vindar algengir, sem oft séu sterkir. Hugsanlegt sé að þessir þættir valdi því að efni berist frá megin losunarsvæðinu og að höfninni og þannig auki þörf á dýpkun frekar en ef efni væri losað vestan við Landeyjahöfn. Telur Hafrannsóknastofnunin að kanna eigi hvert efni berist frá losunarsvæðinu suður af Markarfljóti og hvort ástæða sé til þess að losa dýpkunarefni á öðrum stað. Þá telur stofnunin að þar sem nýta eigi sömu losunarstaði og þegar hafi verið gefið leyfi fyrir sé lítil hætta á meiri röskun á lífríki botns en þegar sé orðin.

Umhverfisstofnun bendir á að dýpkunarefnið sé ómengaður sandur. Botndýralíf á losunarsvæðum sé fábrotið enda eigi botndýr almennt erfitt uppdráttar þar sem mikið öldurót sé, en einnig séu sterkir straumar utan við Landeyjahöfn og mikill tilflutningur á botnseti.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á framkvæmd vegna dýpkunar Landeyjahafnar, sem áður gerði ráð fyrir að taka allt að 320.000 m³ af efni úr höfninni á tímabilinu 2010 til 2013. Nú er gert ráð fyrir að dýpka þurfi höfnina um 300.000 m³ ár hvert. Eins og áður verður dýpkunarefnið losað á 20-30 m dýpi á þremur svæðum: sunnan við ós Markarfljóts (aðal losunarsvæðið), suðvestur af Landeyjahöfn og beint suður af höfninni (notað í neyðartilfellum).

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að endurteknar dýptarmælingar Siglingastofnunar á losunarsvæðum staðfesti að þar sé botnefni á mikilli hreyfingu, enda hefur dýpi þar lítið breyst þrátt fyrir að búið er að losa þar mikið magn dýpkunarefnis. Því áréttar Skipulagsstofnun fyrri niðurstöðu stofnunarinnar varðandi losun dýpkunarefnis utan við Landeyjahöfn (ákvörðun um matsskyldu dags. 24. nóvember 2010) um líkleg áhrif dýpkunarefnis á lífríki á hafsbotni á þeim svæðum sem efni úr Landeyjahöfn er losað. Stofnunin telur að framkvæmdin muni raska fábrotnu lífríki á losunarsvæðum. Raskið verði þó ekki verulegt m.a. með hliðsjón af heildarstærð losunarsvæða í samanburði við samfellda strandlengju við Suðurland þar sem umhverfisaðstæður eru sambærilegar því sem er við Landeyjahöfn.

Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um að hugsanlegt sé að efni sem losað sé austan við Landeyjahöfn berist að höfninni á ný vegna strauma og vinda utan við höfnina. Því eigi að kanna hvert efni berist frá losunarsvæðinu suður af Markarfljóti og hvort ástæða sé til þess að losa dýpkunarefni vestan Landeyjahafnar. Skipulagsstofnun tekur einnig undir athugasemdir Hafrannsóknastofnunarinnar um að magn dýpkunarefnis sem losað hefur verið á svæði suður af Landeyjahöfn (svæði 2) sé mikið (34% af dýpkunarefninu) í ljósi þess að til stóð að það yrði einungis notað í undantekningartilvikum. Á fyrri stigum málsins lagði Umhverfisstofnun áherslu á að svæði 2 yrði einungis notað ef höfnin myndi lokast og flýta þyrfti dýpkun hennar. Skipulagsstofnun telur því að áður en aukin losun dýpkunarefnis verði leyfð þurfi Siglingastofnun að gera Umhverfisstofnun grein fyrir hvers vegna svo mikið efni var losað á svæðinu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Siglingastofnunar Íslands, við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að árleg losun á allt að 300.000 m³ af dýpkunarefni í hafið vegna viðhaldsdýpkunar í Landeyjahöfn, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er losun dýpkunarefnis í hafið háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Siglingastofnun Íslands og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 5. desember 2011.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson